

GJALDSKRÁ

fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa af lögbýlum í Borgarbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar leggur á gjald til að mæta kostnaði við söfnun og eyðingu dýraleifa skv 11. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Borgarbyggð nr. 898/2022. Í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 ber sveitarfélagi að taka við þeim úrgangi sem til fellur í sveitarfélaginu og færa hann til viðeigandi meðhöndlunar.

2. gr.

Förgunargjaldið byggist á fjölda búfjár á lögbýlum í sveitarfélaginu miðað við búfjárskýrslur Búnaðarstofu og verður innheimt með fasteignagjöldum. Miðað er við að dýrahæ séu sótt til bænda með reglubundnum hætti og komið í viðeigandi meðhöndlun.

3. gr.

Gjald fyrir söfnun og förgun dýraleifa í Borgarbyggð verður sem hér segir:

Grunngjald kr. 35.935 á öll lögbýli þar sem haldnar eru skepnur.

Því til viðbótar leggst gjald á hvern grip:

Sauðfé	165 kr.
Nautgripir	535 kr.
Hross	530 kr.
Hænsn	3 kr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var á fundi sveitarstjórnar Borgarbyggðar 14. desember 2023 er samin með heimild í 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003 og ákvæði 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gildi gjaldskrá sama efnis nr 1647/2022.

Borgarnesi, 14. desember 2023.

Stefán Broddi Guðjónsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 3. janúar 2024